

6. gr.

Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar annast starfsmenn sjálfir. Þeir skulu þó fá greiddar tvær fatahreinsanir á ári, svo og aðrar hreinsanir á fatnaði sem forstöðumaður telur þörf á vegna sérstakra atvika. Meiriháttar tjón á einkennisfatnaði skal bæta sérstaklega.

7. gr.

Þegar fangavörður lætur af starfi skal hann skila þeim einkennisfatnaði sem hann fékk síðast afhentan, svo og húfum og einkennum.

Einkennisfatnaður sem fastráðinn fangavörður hefur fengið afhentan og hann hefur notað í meira en tvö ár, telst eign hans að liðnum tveimur árum frá afhendingu.

8. gr.

Einkennisföt þau sem fangaverðir nota við gildistöku reglugerðar þessarar er heimilt að nota til ársloka 1983.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 13. gr. laga nr. 38/1973 um fangelsi og vinnuhæli, öðlast gildi 1. janúar 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. nóvember 1981.

Friðjón Þórðarson.

Þorsteinn A. Jónsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr. 7,00
Einstakir miðar, börn	— 3,00
10 miða kort, fullorðnir	— 44,00
10 miða kort, börn	— 13,00
10 miða kort, aldraðir	— 22,00
Gufubað	— 12,00
Leiga á handklæðum og skýlum	— 6,00
10 miða kort sundfélaga 16 ára og eldri	— 14,00
10 miða kort sundfélaga yngri en 16 ára	— 7,00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 462 31. júlí 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.